

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 25. febrúar 2021

Mál nr. E-214/2019:

Vífilberg ehf.

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

gegn

Sigurði Hinrik Teitssyni og

Verslunartækni ehf.

(Jón Þór Ólason lögmaður)

og

gagnsök

Dómur

Mál þetta, sem var höfðað 27. febrúar 2019, var dómtekið 3. febrúar 2021. Aðalstefnandi er Vífilberg ehf., Hlíðasmára 9, Kópavogi. Gagnstefnandi er Verslunartækni ehf., Draghálsi 4, Reykjavík, og stefndi er Sigurður Hinrik Teitsson, Stórakrika 27, Mosfellsbæ.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru þær að gagnstefnandi og stefndi verði óskipt (in solidum) dæmdir til að greiða aðalstefnanda 48.167.113 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 1.000.000 króna frá 10. febrúar 2016 til 10. mars 2016, en af 2.000.000 króna frá þeim degi til 10. apríl 2016, en af 3.000.000 króna frá þeim degi til 10. maí 2016, en af 4.000.000 króna frá þeim degi til 10. júní 2016, en af 5.000.000 króna frá þeim degi til 10. júlí 2016, af 6.000.000 króna frá þeim degi til 10. ágúst 2016, en af 7.000.000 króna frá þeim degi til 10. september 2016, en af 8.000.000 króna frá þeim degi til 10. október 2016, en af 9.000.000 króna frá þeim degi til 10. nóvember 2016, en af 10.000.000 króna frá þeim degi til 10. desember 2016, en af 11.000.000 króna frá þeim degi til 10. janúar 2017, en af 12.000.000 króna frá þeim degi til 10. febrúar 2017, en af 13.000.000 króna frá þeim degi til 10. mars 2017, en af 14.000.000 króna frá þeim degi til 10. apríl 2017, en af 15.000.000 króna frá þeim degi til 10. maí 2017, en af 16.000.000 króna frá þeim degi til 10. júní 2017, en af 17.000.000 króna frá þeim degi til 10. júlí 2017, en af 18.000.000 króna frá þeim degi til 10. ágúst 2017, en af 19.000.000 króna frá þeim degi til 10. september 2017, en af 20.000.000 króna frá þeim degi til 10. október 2017, en af 21.000.000 króna frá þeim degi til 10. nóvember 2017, en af 22.000.000 króna frá þeim degi til 10. desember 2017, en af 23.000.000 króna frá þeim degi til 10. janúar 2018, en

af 24.000.000 króna frá þeim degi til 10. febrúar 2018, en af 25.000.000 króna frá þeim degi til 10. mars 2018, en af 26.000.000 króna frá þeim degi til 10. apríl 2018, en af 27.000.000 króna frá þeim degi til 10. maí 2018, en af 28.000.000 króna frá þeim degi til 10. júní 2018, en af 29.000.000 króna frá þeim degi til 10. júlí 2018, en af 30.000.000 króna frá þeim degi til 10. ágúst 2018, en af 31.000.000 króna frá þeim degi til 10. september 2018, en af 32.000.000 króna frá þeim degi til 10. október 2018, en af 33.000.000 króna frá þeim degi til 15. október 2018 en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum gagnstefnanda sem greiddar voru fyrir innheimtubyrjun, að fjárhæð 1.000.000 króna þann 10. febrúar 2016, 1.000.000 króna þann 10. mars 2016, 1.000.000 króna þann 12. apríl 2016, 1.000.000 króna þann 18. maí 2016, 1.000.000 króna þann 13. júní 2016, 1.000.000 króna þann 15. júlí 2016, 1.000.000 króna þann 16. ágúst 2016, 1.000.000 króna þann 20. september 2016, 1.000.000 króna þann 20. október 2016, 1.000.000 króna þann 16. nóvember 2016, 1.000.000 króna þann 21. desember 2016, 1.000.000 króna þann 23. janúar 2017, 1.000.000 króna þann 17. febrúar 2017, 1.000.000 króna þann 27. mars 2017, 1.000.000 króna þann 12. apríl 2017, 1.000.000 króna þann 23. maí 2017, 1.000.000 króna þann 22. júní 2017, 1.000.000 króna þann 18. júlí 2017, 1.000.000 króna þann 23. ágúst 2017, 1.000.000 króna þann 27. september 2017, 2.000.000 króna þann 28. nóvember 2017, 1.000.000 króna þann 21. desember 2017, 1.000.000 króna þann 30. janúar 2018, 500.000 krónur þann 18. apríl 2018, 1.000.000 króna þann 28. maí 2018 og 1.000.000 króna þann 29. júní 2018, sem dragast frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardögum.

Í gagnsök krefst aðalstefnandi sýknu af kröfum gagnstefnanda. Til vara er þess krafist að kröfur gagnstefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Einnig krefst aðalstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda og stefnda in solidum, bæði í aðalsök og gagnsök.

Gagnstefnandi Verslunartækni ehf. og stefndi Sigurður Hinrik krefjast aðallega í aðalsök sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda. Einnig er gerð krafa um málskostnað. Til vara er sú krafa gerð að dómkröfur aðalstefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi Verslunartækni ehf. kröfu um að staðfest verði með dómi riftun hans 4. október 2018 á kaupsamningi milli hans og aðalstefnanda frá 22. janúar 2016 vegna kaupa á vörulager, viðskiptavild og erlendum viðskiptasamböndum. Jafnframt er þess krafist að aðalstefnandi verði dæmdur til að endurgreiða gagnstefnanda 16.366.195 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. október 2018 til greiðsludags. Þá er gerð krafa um málskostnað og þess er krafist að dráttarvextir leggist á hana í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og leggist við höfuðstól hennar á tólf mánaða fresti. Einnig er gerð krafa um málskostnað.

I.

Ágreiningur er um málsatvik. Aðalstefnandi kveðst vera innflytjandi og reka heildsöluverslun sem um tíma hafi flutt inn ýmsan búnað tengdan rekstri stóreldhúsa og mötuneyta. Vöruúrval stefnanda á því sviði hafi verið fjölbreytt og tekið meðal annars til kaffivéla, uppþvottavéla, bökunarofna, hita- og kæliborða, matarbakka, potta, matvinnsluvéla, hakkavéla, áleggshnífa, kæliklefa, kælikápa og gufugleypa. Umrædd tæki og tól hafi verið frá ýmsum framleiðendum, þar á meðal Bravilor, Rieber, Inoxtrend og Friulinox, en aðalstefnandi hafi keypt búnaðinn erlendis og endurselt á Íslandi.

Aðalstefndi lýsir því að haustið 2015 hafi stefndi Sigurður Hinrik, fyrirsvarsmaður gagnstefnanda, haft samband við fyrirsvarsmann aðalstefnanda og falast eftir kaupum á vörulager hans fyrir stóreldhúsa- og mötuneytisrekstur. Áður, og samhliða viðræðum aðila, hafi gagnstefnandi árangurslaust reynt að fá söluumboð frá Bravilor en nokkrir aðilar hafi selt vörur hlutaðeigandi framleiðanda hérlandis. Eftir að stefndi Sigurður Hinrik hafi skoðað lager aðalstefnanda í desember 2015, og fengið upplýsingar um erlenda birgja, hafi aðalstefnandi útbúið vörulista, með sundurliðun á tegund og magni þeirra vara sem um ræddi, auk upplýsinga um það verð sem hann áskildi sér. Hin erlendu viðskiptasambönd aðalstefnanda hafi ekki verið byggð á formlegum samningum við hlutaðeigandi aðila heldur hafi aðalstefnandi átt í viðskiptum við þá um lengri tíma. Þetta hafi fyrirsvarsmaður gagnstefnanda verið upplýstur um. Að ósk gagnstefnanda og stefnda hafi aðalstefnandi sent bréf 2. febrúar 2016 til tengiliðar síns hjá Bravilor og upplýst hann um söluna og óskað samþykkis fyrir því að gagnstefnandi tæki yfir viðskiptasambandið. Það hafi verið samþykkt 7. janúar 2016. Önnur viðskiptasambönd hafi verið afhent gagnstefnanda á grundvelli munnlegs samkomulags við birgja sem hafi reynst auðsótt. Gagnstefnandi hafi því í framhaldinu getað pantað vörur frá hlutaðeigandi aðilum án þess að aðalstefnandi hefði aðkomu að því.

Gagnstefnandi og stefndi lýsa hins vegar aðdraganda málsins þannig að sumarið 2015 hafi fasteignasali á vegum aðalstefnanda nálgast stefnda Sigurð Hinrik og boðið honum til kaups vörulager aðalstefnanda sem hafi þá um nokkurt skeið freistað þess að selja vörulagerinn en ekki haft erindi sem erfiði. Gagnstefnandi hafi hafnað því að ganga til kaupanna. Síðar sama ár hafi aðilar málsins, þ.e. Ólafur Jóhannsson, framkvæmdastjóri aðalstefnanda, og stefndi Sigurður Hinrik, fyrirsvarsmaður gagnstefnanda, hins vegar hafið viðræður um hugsanleg kaup gagnstefnanda á umræddum lager. Það hafi komið skýrt fram í viðræðum aðila að tilgangur gagnstefnanda hafi verið að tryggja sér umrædd erlend viðskiptasambönd og þessar forsendur legið skýrlega fyrir í öllu samningaferlinu, enda hafi stefndi og gagnstefnandi talið aðalstefnanda vera með einkaumboð fyrir ýmsa þekkta framleiðendur og seljendur. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi sagst vera að hætta rekstri þannig að starfsemi aðalstefnanda sem heildverslunar yrði hætt. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi verið

meðvitaður um að gagnstefnandi og stefndi töldu að hann hefði einkaumboð frá þeim framleiðendum sem um ræddi, að öðru leyti en því að þeim hafi verið kunnugt um að Bravilor væri til sölu hjá öðrum ótengdum aðilum. Nánar tiltekið hafi aðalstefnandi sagst hafa einkaumboð á vörumerkjunum Orved, Firex, Inoxtrend, Movilfrit, Sirman, Friulinox og Reiber, en síðar hafi komið í ljós að sú væri ekki raunin. Gagnstefnandi og stefndi mótmæla því að gagnstefnandi hafi reynt að fá söluumboð frá Bravilor en án árangurs.

Gagnstefnandi og stefndi kveðast hafa treyst á sérfræðipokkingu fyrirsvarsmanns aðalstefnanda sem hafi útbúið meðal annars vörulista. Þeir hafi treyst því að verð þar væru eðlileg og í samræmi við það sem almennt tíðkaðist á markaði. Þá hafi þeir treyst því að vörulager þessi væri „kúrant“ enda hafi verið fullyrt af hálfu fyrirsvarsmanns aðalstefnanda að um gæðavöru væri að ræða sem auðveld væri í sölu, en annað hafi komið á daginn.

Fyrir liggur í gögnum málsins skjal, dags. 22. janúar 2016, með yfirskriftinni: „Samningsdrög: Viljayfirlýsing.“ Aðalstefnandi heldur því fram að þrátt fyrir heiti skjalsins hafi verið um að ræða skuldbindandi samning með gagnkvæmum skyldum aðila. Gagnstefnandi og stefndi halda því hins vegar fram að um hafi verið að ræða drög að kaupsamningi um viðskiptasambönd og viðskiptalager aðalstefnanda.

Í tæðu skjali segir að seljandi selji kaupanda allan vörulager sinn sem snúi að stóreldhústækjum og búnaði til mótuneyta. Þá segir í skjalinu að vörulisti, samkvæmt tölvuútskrift úr birgðaskrá seljanda, hafi verið lagður fram með verðum sem báðir aðilar hafi sætt sig við. Þá var í skjalinu kveðið á um að kaupandi skyldi greiða 1.000.000 króna mánaðarlega til seljanda fyrir 10. dag hvers mánaðar, fyrsta skipti 10. febrúar 2016, síðan mánaðarlega „þar til greiðslufullnustu er náð. Skuldabréf. Neyslufísitala uppgefin.“ Gengi seljanda betur og fyrr með markaðssetningu og sölu varningsins átti hann að greiða fyrr. Í byrjun væru fyrirtækin að sameinast með markaðssetningu og sölustarfsemi en ekki fjárhagslega. Kaupanda væri heimilt að merkja sig með skilti Vífilbergs ehf. og logo fyrir viðskipti með mótuneytisbúnað. Í skjalinu er jafnframt kveðið á um að kaupandi skyldi greiða 10.000.000 króna fyrir viðskiptavild, erlend viðskiptasambönd aðalstefnanda, heimasíðugögn, verðlistagerð og tölvuhugbúnað til tilboðsgerðar og vörukynningar, verslunarinnréttingar og ljós skrifborð sem kaupandi hafi séð og hafi áhuga á. Seljandi skyldi afla og afhenda kaupanda sömu viðskiptasambönd við erlenda birgja og hann hafi haft með skriflegu samþykki birgja ef óskað væri, og aðstoða við ný ef mögulegt væri og þess óskað. Seljandi legði fram vinnu við kynningu vörunnar við starfsfólk kaupanda og aflaði eins og mögulegt væri kaupanda fyrri viðskiptasambanda og nýrra með vinnuframlagi sínu en þó ekki lengur en út árið 2016, nema annað yrði um samið. Loks segir í skjalinu: „Til tryggingar skaðlausri greiðslu skuldbindur kaupandi sig með undirskrift sinni, persónulegri sjálfskuldarábyrgð og fasteignaveði í Draghálsi 4.“

Rvk.“ Undir skjalið ritar stefndi Sigurður Hinrik, fyrirsvarsmaður gagnstefnanda, en fyrir ofan undirskrift hans stendur: „Kaupandi: Verslunartækni ehf.“ Þá er stimpill gagnstefnanda yfir undirskrift hans. Í vörulistanum sem fylgdi skjalinu kemur fram að kostnaðarverð birgða væri 40.207.390 krónur.

Aðalstefnandi heldur því fram að stefndi Sigurður Hinrik hafi með framansögðu gengist í sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum gagnstefnanda. Hann hafi látið hjá líða að leggja fram veð í fasteigninn Draghálsi, Reykjavík. Í janúar 2016 hafi gagnstefnandi hins vegar fengið hið selda afhent. Afhendingin hafi farið fram á starfsstöð aðalstefnanda í Kópavogi en stefndi Sigurður Hinrik og nokkrir aðrir starfsmenn gagnstefnanda hafi komið í nokkur skipti, á viku tímabili, með flutningabíla og tekið við hinu selda. Gagnstefnanda hafi staðið til boða að nýta starfskrafta fyrirsvarsmanns aðalstefnanda út árið 2016 en hafi ekki nýtt sér þá þjónustu.

Gagnstefnandi og stefndi Sigurður Hinrik mótmæla því að stefndi hafi undirgengist sjálfskuldarábyrgð. Þá hafi gagnstefnandi aldrei lagt fram fasteignaveð og aldrei hafi verið gengið eftir þessu af hálfu aðalstefnanda. Jafnframt hafi umrædd viðskiptasambönd, sem hafi átt að vera einkaumboð, aldrei skilað sér til gagnstefnanda ehf. Heimasíðugerð, verðlistagerð og tölvubúnaður til tilboðsgerðar og vörुकynningar hafi heldur aldrei verið afhent sem og ljósu skrifborðin. Gagnstefnandi hafi hins vegar fengið afhentar fjórar „framsetningarinnréttingar“ frá aðalstefnanda. Við undirritun kaupsamningsdraganna hafi vörulagerinn ekki verið afhentur gagnstefnanda en afhending farið fram í febrúar 2016 á starfsstöð aðalstefnanda, en vegna umfangs lagersins hafi tekið nokkurn tíma fyrir gagnstefnanda að flytja hann á starfsstöð sína, þ.e. hann hafi verið fluttur í hlutum með flutningabílum. Þar sem um töluvert magn vöru hafi verið að ræða, og þar sem gagnstefnandi hafi ekki komið áður að sölu búnaðar sem tengist rekstri stóreldhúsa og mótuneyta, hafi tekið nokkurn tíma að átta sig á stöðunni og fara yfir vörulagerinn. Síðar hafi komið í ljós að lagerinn hafi verið að stóru leyti „ókurant“ og borið með sér að vera framleiddur á árunum 2011 og 2012 og verulega verðminni en staðhæfingar aðalstefnanda hafi bent til auk þess sem kostnaðarverð vöru hafi reynst ýmist ranglega skráð eða stuðst hefði verið við gamalt og hærra viðmiðunargengi. Þá hafi ýmsar vörur á birgðalistanum ekki skilað sér, þær verið bilaðar eða beinlínis ónýtar. Aukinheldur hafi hluti lagersins verið sýningareintök. Þetta hafi sætt ítrekuðum athugasemdum af hálfu stefnda og gagnstefnanda. Hvað varðar viðskiptasamböndin þá hafi aðalstefnandi ekki afhent þau í neinu horfi sem hafi tryggt gagnstefnanda einhvers konar umboð, hvað þá einkaumboð, eins og ráðgert hafi verið með sammingsdrögum, nema með þeirri undantekningu að ljóst hafi verið að aðalstefnandi væri ekki með einkaumboð frá Bravilor. Að því er varðar framleiðendurna Firex, Movilfrit, Sirman, Friulinox og Rieber hafi aðalstefnandi ekki einu sinni getað lagt inn pöntun fyrir vörum frá hlutaðeigandi aðilum þar sem aðrir aðilar á íslenskum markaði

hafi verið með einkaumboð. Komið hefði í ljós að aðalstefnandi hefði ekki getað pantað vörur frá framangreindum aðilum svo árum skipti. Rekstur aðalstefnanda hafi verið í skötulíki árum saman. Stefndi Sigurður Hinrik hefði komið á framfæri athugasemdum við gæði vörulagersins og afhendingu viðskiptasambanda. Umkvartanir hafi verið margítrekaðar á fundum og samtölum aðila á árunum 2017 og 2018. Einnig hafi verið bent á samlagningarávillur í útreikningum aðalstefnanda í verðlagningu og villur í birgðaskránni en vörur hafi vantað. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi borið því við að hann myndi skoða þetta frekar en beðið gagnstefnanda um að reyna sitt besta til að gera verðmæti úr lagernum. Þótt fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi fallist á athugasemdir og boðað efndir og tillögu að endanlegu kaupverði lagersins hafi ekki orðið af því af hálfu aðalstefnanda. Þrátt fyrir að gagnstefnandi hefði sýnt aðalstefnanda mikið langlundargeð hafi gagnstefnandi freistað þess að ná samkomulagi við aðalstefnanda og fundað meðal annars í lok janúar 2018. Starfsmaður gagnstefnda til margra ára, Elísabet Kolbeinsdóttir, hafi setið fundinn. Á fundinum, sem hafi farið fram 30. janúar en hugsanlega 6. febrúar 2018, hafi aðalstefnandi talið athugasemdir gagnstefnanda rangar og lítt ígrundaðar og hafnað því að veita afslátt af kaupverðinu.

Fyrir liggur í gögnum málsins að gagnstefnandi greiddi aðalstefnanda mánaðarlega eina milljón króna frá febrúar 2016 til september 2017. Gagnstefnandi greiddi ekki í október 2017. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda sendi gagnstefnanda tölvuskeyti 15. nóvember 2017 og kvaðst ekki hafa orðið var við neinar greiðslur frá gagnstefnanda, hvorki í þessum mánuði né þeim fyrri. Stefndi Sigurður Hinrik svaraði sama dag: „Mistök hjá okkur, þetta kemur sem fyrst.“ Gagnstefnandi greiddi síðan 28. nóvember 2017 til aðalstefnanda 2.000.000 króna. Á tímabilinu apríl til júní 2018 greiddi gagnstefnandi 2.500.000 krónur til aðalstefnanda. Frá júlí 2018 hefur gagnstefnandi hins vegar ekki innt af hendi neinar greiðslur.

Þá liggur fyrir í gögnum málsins tölvuskeyti fyrirsvarsmanns gagnstefnanda 22. maí 2018 þar sem segir að hann geti ekki fallist á þau málalok að greiðslur falli niður og vísaði í samkomulag sem þeir hefðu gert fyrir tveimur árum og ýtti á eftir greiðslum.

Með bréfi gagnstefnanda 4. október 2018 var lýst yfir „riftun að hluta á kaupsamningi, dags. 22. janúar 2016“ þar sem aðalstefnandi hefði vanefnt kaupsamning aðila. Jafnframt var þess krafist að aðalstefnandi endurgreiddi 17.664.189 krónur.

Aðalstefnandi hafnaði kröfum og málatilbúnaði gagnstefnanda með bréfi aðalstefnanda 15. október 2018. Aðalstefnandi lýsti því yfir að greiðsluskilmálum kaupsamningsins væri rift og eftirstöðvar kaupsverðsins gjaldfelldar, sbr. 54. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Var skorað á gagnstefnanda að greiða kröfu aðalstefnanda ásamt vöxtum og kostnaði. Einnig var þess krafist að tryggingarbréf með veði í fasteigninni að Draghálsi 4 yrði undirritað, yrði krafan ekki greidd innan tilskilins frests. Kröfum aðalstefnanda var hafnað með bréfi gagnstefnanda 23. október 2018.

Með bréfi 23. nóvember 2018 krafðist lögmaður stefnanda þess að stefndi Sigurður Hinrik greiddi á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar sinnar gjaldfallna skuld. Þeirri kröfu var hafnað með bréfi stefnda 6. desember 2018.

Gagnstefnandi lagði fram matsbeiðni fyrir Héraðsdómi Reykjaness, sem móttækin var 16. nóvember 2018, þar sem þess var óskað að dómkvaddur yrði matsmaður til þess að skoða og meta virði vörulagers og viðskiptasambönd aðalstefnanda þann 22. janúar 2016. Hinn 18. desember 2018 var dómkvaddur sem matsmaður J. Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi. Matsmaður mun hafa fengið gögnin afhent í júní 2019 og liggur matsgerð hans, dags. 22. janúar 2020, fyrir í málinu.

Í fyrirbyggjandi matsgerð var svarað spurningu gagnstefnanda um hvers ustór hluti vörulagers hefði veið seljanlegur (kúrant) hinn 22. janúar 2016. Niðurstaða matsmanns var að 62% af vörulagernum hefði verið seljanlegur eða kúrant. Þá var það niðurstaða matsmanns að markaðsverð vörulagers hefði verið 23.774.097 krónum. Matsmaður svaraði einnig spurningu um hvert væri verðmæti svokallaðra einkaumboða sem hafi verið yfirfæranleg til gagnstefnanda. Í niðurstöðu matsmanns segir að af matsfundum og öðrum gögnum máls að dæma virtist enginn ágreiningur um hvort matsþoli hafi haft einkaumboð á einhverjum þeirra vörumerkja sem hann hafði haft heildsölu um. Að mati matsmanns væri því óumdeilt að engin einkaumboð hafi verið fyrir hendi og því verðmæti þeirra ekkert. Loks var það niðurstaða matsmanns að varsla á ókúrant hluta vörulagers sem var keyptur af aðalstefnanda hafi ekki haft aukakostnað í för með sér fyrir gagnstefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Ólafur Jóhannsson, fyrirsvarsmáður aðalstefnanda, og Sigurður Hinrik Teitsson, stefndi í máli þessu og fyrirsvarsmáður gagnstefnanda. Þá komu fyrir dóm sem vitni Stefán Jóhannesson og Hannes Sævarsson, starfsmenn gagnstefnanda, Elísabet Rós Kolbeinsdóttir, fyrrverandi innkaupastjóri gagnstefnanda, og Sturla Jónsson, dómkvaddur matsmaður.

II.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á kaupsamningi 22. janúar 2016, þ.m.t. vörulistanum sem hafi verið hluti hans, þar sem meðal annars komi fram upplýsingar um framleiðendur, vörur og umsamið verð í viðskiptum aðila. Í stefnu kemur fram að sundurliðun kröfu aðalstefnanda sé eftirfarandi:

Framleiðandi:	Kostnaðarverð:
Bravilor (kaffivélar)	14.116.446 ISK
Firex (suðupottar)	1.770.595 ISK
Fries (uppþvottagrindur)	112.067 ISK

Friulinox (kæli- og frystiklefar)	4.372.667 ISK
Movilfrit (kolaofnar)	3.720.605 ISK
Sirman ("matvinnsluvélar")	2.614.020 ISK
Zanoli (ofnar og búnaður til pizzugerðar)	245.909 ISK
Orved ("vacuum" pökkunarvélar)	1.503.380 ISK
Rieber (innréttingar, afgreiðslulínur, flutningskassar og búnaður til flutnings á heitum mat)	5.583.368 ISK
Inoxtrend (gufuofnar)	6.168.873 ISK
Samtals	40.207.930K

Um nánari sundurliðun hins selda vísar aðalstefnandi til framlagðs vörulista þar sem sundurliðaðar séu vörur hvers framleiðanda, þ.e. lýsing á vöru, magni og umsöndu verði, en í töflunni að ofan hafi gagnstefnandi tiltekið tegund búnaðar sem hafi verið einkennandi fyrir hvert vörumerki. Vörulistinn hafi verið prentaður út úr birgðabókhaldi aðalstefnanda 10. desember 2015 og afhentur fyrirvarsmanni gagnstefnanda 11. desember sama ár, eða u.þ.b. einum mánuði áður en aðilar hafi gengið frá samningi um kaupin. Til viðbótar framangreindu hafi gagnstefnanda borið að greiða 10.000.000 króna fyrir viðskiptavild o.fl., samtals 50.207.930 krónur. Við upphaf aðalmeðferðar málsins leiðrétti aðalstefnandi kröfu sína og lækkaði stefnufjárhæðina í 48.167.113 krónur.

Aðalstefnandi byggir á því að þótt kaupsamningsskjalið beri heitið „Samningsdrög: viljayfirlýsing“ þá hafi það að geyma skuldbindandi kaupsamning, enda skjalið verið undirritað af báðum mál aðilum og það verið efnt samkvæmt efni sínu. Hvað efndir varðar vísar gagnstefnandi til þess að aðalstefnandi hafi afhent gagnstefnanda hið selda og hann greitt í rúm tvö ár mánaðarlegar kaupsamningsgreiðslur.

Um greiðsluskyldu stefnda Sigurðar Hinriks vísar aðalstefnandi til kaupsamnings frá 22. janúar 2016, þar sem stefndi hafi til tryggingar tekið á sig persónulega sjálfskuldarábyrgð á skaðlausum greiðslum, en hann hafi verið fyrirvarsmáður gagnstefnanda og endanlegur eigandi. Þetta hafi verið samkvæmt kröfu aðalstefnanda og legið ljóst fyrir, enda ljóst að hann væri að afhenda mikil verðmæti og

lánað fyrir kaupverðinu. Nánar tiltekið skyldi það greitt á löngum tíma með jöfnum mánaðargreiðslum. Stefnda hafi ekki getað dulist skuldbinding sín, sem þrautreyndum aðila í verslunarviðskiptum, þegar hann skrifaði undir kaupsamninginn fyrir hönd gagnstefnanda og með persónulegri sjálfskuldarábyrgð.

Aðalstefnandi kveður að stefndi og gagnstefnandi hafi skoðað hið selda áður en gengið var frá kaupunum og einnig eftir afhendingu þess. Þrátt fyrir ítarlega skoðun hafi gagnstefnandi ekki gert athugasemdir við ástand hins selda, en óumdeilt sé að stefndi og gagnstefnandi hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni strax í kjölfar afhendingarinnar, líkt og staðfest sé í bréfi lögmanns gagnstefnanda 4. október 2018. Aðalstefnandi vísar því á bug að hann hafi vanefnt kaupsamninginn og mótmælir því að gagnstefnandi eigi rétt til riftunar hans eða annarra vanefndaúrræða.

Gagnstefnandi hafi aldrei gert athugasemdir við afhent viðskiptasambönd, s.s. að þau hafi verið annars eðlis en samningur aðila kvað á um. Þá hafi gagnstefnandi ekki óskað eftir því að aðalstefnandi aflaði skriflegrar staðfestingar erlendra birgja ef frá er talið viðskiptasamband aðalstefnanda við Bravilor, sem hafi eðli máls samkvæmt ekki byggst á einkaumboði. Önnur viðskiptasambönd hafi verið afhent með munnlegu samþykki hinna erlendu birgja, í góðu samráði við gagnstefnanda. Gagnstefnandi hafi kynnt sér umrædd viðskiptasambönd, fengið þau afhent, sem og heimasíðugögn, verðlistagerð, vörukynningar og tölvuhugbúnað til tilboðsgerðar. Það liggja í hlutarins eðli að hann hefði orðið þess strax áskynja ef umrædd viðskiptasambönd hefðu verið annars eðlis en hann ætlaði enda áframhaldandi viðskipti með hlutaðeigandi vörur órofa tengd samskiptum við hina erlendu birgja. Honum hafi því verið í lófa lagið að gera athugasemdir fljótlega eftir samningsgerðina hafi gefist tilefni til en sú hafi ekki verið raunin.

Aðalstefnandi vísar til ákvæða III. kafla laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 um áhættu af söluhlut. Í 13. gr. segi að áhætta af söluhlut flytjist yfir á kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings. Stefndi og gagnstefnandi virðast halda því fram nú að ágallar hafi verið á hinu selda, en aðalstefnandi bendir á móti á að mjög langt sé síðan afhending fór fram. Því sé með öllu ósannað að ágallar hafi verið á hinu selda við afhendingu, hvað sem því kunni að líða hvernig gagnstefnandi hafi farið með það eftir afhendingu. Athugasemdalaus móttaka gagnstefnanda á hinu selda og athugasemdalausar kaupsamningsgreiðslur næstu árin bendi eindregið til þess að kaupandinn hafi sætt sig við gæði, magn og verð enda hefði hann ella gert athugasemdir við afhendingu eða a.m.k. innan skamms tíma þar frá. Sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða hvílir á gagnstefnanda og stefnda. Leiði þetta af ákvæðum laganna um lausafjárkaup og óskráðum meginreglum kauparéttar.

Aðalstefnandi vísar enn fremur til ákvæða V. kafla laga um lausafjárkaup, um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Í 1. mgr. 31. gr. segi að eftir afhendingu,

jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst, skuli kaupandi rannsaka söluhlut á þann hátt sem góð venja standi til. Óumdeilt sé að gagnstefnandi hafi sinnt rannsóknarskyldunni. Í 32. gr. segi að kaupandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju galli er fólgin. Þá segi í 2. mgr. sömu greinar að hafi kaupandi ekki lagt fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Hvor þessara málsgreina um sig leiði til þess að gagnstefnandi og stefndi hafi glatað rétti til að bera fyrir sig galla á hinu selda. Sama niðurstaða leiðir einnig af óskráðum meginreglum kauparéttar. Þetta telur aðalstefnandi vera algerlega augljóst og eigi það bæði við um afhendingu á vörulager og á viðskiptasamböndunum. Aðalstefnandi byggir á því að kaupsamningurinn hafi verið þess eðlis að gera hafi mátt kröfur til þess, samkvæmt 31. gr. og 1. mgr. 32. gr., að kaupandi tilkynnti seljanda um meinta galla innan skamms tíma frá afhendingu á hinu selda þar sem sönnunarfærsla yrði örðugri eftir því sem frá liði. Aðalstefnandi bendir jafnframt á að það hafi fyrst verið á fundi 30. janúar 2018, eða 6. febrúar s.á., sem stefndi og gagnstefnandi hafi nefnt það við aðalstefnanda, og þá einungis munnlega, að þeir væru ósáttir við hið selda, en þá hafi verið meira en tvö ár liðin frá viðtöku gagnstefnanda á því. Ákvæði 2. mgr. 32. gr. sé fortakslaust um þá aðstöðu. Aðalstefnandi hafi hafnað málaleitan stefnda og gagnstefnanda samstundis og ítrekað þá afstöðu sína meðal annars í tölvupósti til stefnda 22. maí 2018, þegar hann hafi ýtt á eftir greiðslum. Gagnstefnandi hafi brugðist við með því að greiða 1.000.000 króna hinn 28. maí og síðan aftur sömu fjárhæð u.þ.b. mánuði síðar, án nokkurs fyrirvara. Af öllum þessum ástæðum telur aðalstefnandi fráleitt að gagnstefnandi eigi nú rétt til vanefndaúrræða samkvæmt kaupsamningnum óháð því hvernig matsmaður svari matsspurningum gagnstefnanda samkvæmt matsbeiðni. Þá telur aðalstefnandi ljóst að hafi gagnstefnandi ekki sætt sig við efndir hans á kaupsamningi aðila í kjölfar afhendingar hins selda þá hafi hann engu að síður sætt sig við það og staðfest réttar efndir aðalstefnanda með athugasemdalausum greiðslum í rúm tvö ár. Áréttar aðalstefnandi að um verslunarkaup hafi verið að ræða og fyrirvarsmaður gagnstefnanda sé þrautreyndur í slíkum viðskiptum.

Aðalstefnandi bendir á að 15. október 2018 hafi hann rift greiðsluskilmálum kaupsamnings aðila með heimild í VII. kafla kaupalaga, sbr. meðal annars 51. og 52. gr. laganna, og samkvæmt meginreglum kröfuréttar vegna verulegra vanefnda gagnstefnanda og yfirlýsingar þess efnis að frekari greiðslur yrðu ekki inntar af hendi.

Aðalstefnandi krefst dráttarvaxta frá gjalddaga hvefrrar kaupsamningsgreiðslu að teknu tilliti til innborgana gagnstefnanda. Þá er krafist dráttarvaxta af eftirstöðvum kaupverðsins sem gjaldfelldar hafi verið 15. október 2018, allt samkvæmt sundurliðun í kröfugerð aðalstefnanda.

Í gagnsök byggir aðalstefnandi á sömu málsástæðu og í aðalsök, um að aðalstefnandi hafi engar athugasemdir gert við hið selda fyrir en rúmum tveimur árum eftir afhendingu. Þá segir aðalstefnandi að um hefðbundin verslunarviðskipti hafi verið að ræða á milli aðila í sambærilegri starfsemi. Rekstur gagnstefnanda hafi verið ríflega tífoldur að stærð samanborið við rekstur aðalstefnanda og því ljóst að sá fyrrnefndi hafi búið yfir meiri þekkingu og um leið verið í sterkari stöðu í samningssambandinu. Aðalstefnandi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi vanefnt samning aðila. Auk þess hafi gagnstefnandi glatað öllum rétti til beitingar vanefndaúrræða vegna tómlætis. Athafnir gagnstefnanda staðfesti jafnframt að hið selda hafi verið afhent í umsömdu ástandi enda hafi hann í tvö ár greitt afborganir kaupverðsins athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara.

Þá byggir aðalstefnandi á því að hvergi hafi verið minnst á að tilgangur og forsenda gagnstefnanda fyrir viðskiptunum hafi verið kaup á því sem gagnstefnandi kalli einkaumboð. Hvergi hafi verið minnst á slíkt í kaupsamningi aðila. Engar athugasemdir hafi verið gerðar í rúm tvö ár og greiðslur inntar af hendi án nokkurs fyrirvara eða athugasemda í meira en tvö ár. Háttsemi gagnstefnanda sé með hreinum ólíkindum í ljósi málatilbúnaðar hans um meint ástand hins selda sem hann telji réttlæta riftun samnings aðila og krafist endurgreiðslu sem svari til u.þ.b. 60% af því sem hann hafi greitt á tveggja og hálfis árs tímabili. Aðalstefnandi mótmælir atvikalýsingu og málatilbúnaði gagnstefnanda í heild sinni sem bersýnilega röngum, ósönnuðum og allt of seint fram komnum. Athafnir gagnstefnanda, á ríflega tveggja ára tímabili frá afhendingu hins selda að telja, beri þess augljós merki að aðalstefnandi hafi efnt samningsskyldur sínar réttilega og staðfesti athafnir gagnstefnanda að hann hafi verið sáttur með hið selda. Hið selda hafi því sannanlega verið afhent í því ástandi sem gagnstefnandi sætti sig við og var umsamið. Gagnstefnandi geti því að lögum ekki beitt neinum vanefndaúrræðum vegna umræddra viðskipta.

Í þeim tilvikum sem greiðslur drógust hjá gagnstefnanda hafi hann borið við mistökum og brugðist við með greiðslu. Slíkt staðfesti að hið selda hafi verið afhent í umsömdu ástandi sem gagnstefnandi hafi sætt sig við. Þá byggir aðalstefnandi á því að gagnstefnandi beri ábyrgð á ástandi hins selda eftir að það hafi komið í vörslu hans og öll rýrnun á virði þess sé á ábyrgð og áhættu hans. Gildi þetta meðal annars um verðrýrnun hins selda vegna þess tíma sem liðinn sé frá því að afhending fór fram en augljóst megi vera að nái riftun fram að ganga þá hafi hinn óheyrilegi dráttur gagnstefnanda á að gera athugasemdir valdið aðalstefnanda tjóni sem taka beri tillit til.

Einnig byggir aðalstefnandi á því að verðlagning hinna seldu viðskiptasambanda undirstriki enn frekar að engin einkaumboð hafi verið seld. Misræmi sé í málatilbúnaði gagnstefnanda hvað þetta varði. Þannig hafi hann í bréfi 4. október 2018 haldið því fram að einkaumboð fyrir Bravilor hafi verið selt en síðan horfið frá því í gagnstefnu.

Fullyrðingar um meint einkaumboð séu eftiráskýringar sem virðast settar fram í þeim tilgangi einum að byggja undir vonlausan málstað gagnstefnanda.

Gagnstefnanda hafi verið fyllilega ljóst að engin einkaumboð hafi verið andlag kaupsamningsins líkt og athafnir og athafnaleysi hans staðfesti. Ljóst megi vera að gagnstefnandi hefði strax orðið þess var ef viðskiptasambönd aðalstefnanda hefðu ekki verið afhent réttilega enda hefðu samskipti við birgja leitt slíkt í ljós þá þegar. Tómlæti og athafnaleysi gagnstefnanda sýni að hann hafi verið sáttur við hið selda og hann staðfesti það í verki með reglubundnum greiðslum kaupverðs samkvæmt kaupsamningi eftir afhendingu. Þá er því mótmælt að reglur um vanheimild eigi við enda leiði það af samningi aðila að réttur gagnstefnanda takmarkist við viðskiptavild og viðskiptasambönd líkt og þau hafi verið við afhendingu.

Aðalstefnandi mótmælir einnig því að hann hafi ekki getað pantað vörur frá tilteknum birgjum. Engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings þessum fullyrðingum. Hafi þetta verið raunin þá hefðu athugasemdir vegna þessa þurft að koma fram þegar í stað og sé réttur til að bera við vanefndaúrræðum nú glataður vegna tómlætis.

Hvað varðar þá málsástæðu gagnstefnanda að hinn seldi vörulager hafi verið haldinn verulegum göllum vegna aldurs ótilgreinds hluta lagersins segir aðalstefnandi að leikmanni, hvað þá sérfræðingi, megi vera ljóst að vörulager samanstandi af uppsöfnuðum birgðum. Gagnstefnandi sé sérfræðingur í verslunarviðskiptum og hafi getað kynnt sér vörulagerinn með skoðun, þ.m.t. aldur einstakra hluta, en í kaupsamningnum séu engir áskildir kostir hvað þetta varðar. Aldurssamsetning vörulagersins hafi á engan hátt verið frábrugðin því sem gagnstefnandi hafi mátt vænta. Þá verði ekki ráðið af gagnstefnu hvað gagnstefnandi telji vera umfang meints galla, þ.e. hve margir hlutir, hverrar tegundar og hversu gamlir. Þá sé ekki byggt á því af hálfu gagnstefnanda að vörulagerinn hafi verið eldri en almennt megi búast við þegar keyptar eru uppsafnaðar og óseldar birgðir. Aðalstefnandi telur því málatilbúnað gagnstefnanda hvað þetta varðar með öllu haldlausan, ósannaðan og vanreifaðan og því verði riftunarkrafa hans ekki byggð á framangreindu. Þá hafi gagnstefnandi með tómlæti og fyrirvaralausum greiðslum staðfest að hann hafi sætt sig við hið selda, sem og glatað öllum vanefndaúrræðum. Þá megi gera sér í hugarlund í hvaða aðstöðu aðalstefnandi væri ef hann ætti að taka aftur við einstökum munum úr vörulager nú, árum síðar.

Gagnstefnandi byggir á því að hluti vörulagersins hafi verið sýningareintök sem teljist galli í skilningi laga. Aðalstefnandi telur þennan málatilbúnað með hreinum ólíkindum enda hafi gagnstefnandi ekki dulist sýningareintökin þegar hann skoðaði lagerinn sem blöstu við honum rétt eins og viðskiptavinum gagnstefnanda sem komu á starfsstöð hans. Gagnstefnanda, sem sérfræðingi í verslunarviðskiptum, hafi jafnframt mátt vera ljóst að vörur verði trauðla seldar án þess að þær megi sýna. Aðalstefnandi byggir á því að fjöldi sýningareintaka hafi verið venjubundið hlutfall af hinu selda,

gagnstefnandi hafi séð og verið kunnugt um sýningareintökin og því geti ekki verið um galla að ræða. Þá sé í gagnstefnu hvergi vísað til fjölda sýningareintaka né rökstutt hvað sé talið venjubundið hlutfall þeirra. Þannig sé bæði vanreifað og ósannað að fjöldi sýningareintaka hafi verið slíkur að talist geti galli enda allt á huldu með meint umfang. Þá hafi gagnstefnandi með tómlæti og fyrirvaralausum greiðslum staðfest að hann hafi sætt sig við hið selda, sem og glatað öllum vanefndaúrræðum.

Aðalstefnandi mótmælir því sem röngu að kaupverðið hafi átt að ákvarðast á síðari tímapunkti enda hafi í kaupsamningnum verið vísað til vörulista og verðs sem þar hafi komið fram og aðilar sammælt um. Hvað sem því líði þá hafi gagnstefnandi ekki gert neinar athugasemdir við ástand vörulagersins né kaupverðið fyrr en rúmum tveimur árum eftir gerð kaupsamningsins. Gagnstefnandi hafi skoðað vörulagerinn í kjölfar afhendingar hans, sbr. bréf gagnstefnanda 4. október 2018. Aðalstefnandi byggir því á því að kaupverðið hafi verið umsamið og gagnstefnandi hafi með tómlæti sínu og greiðslum staðfest að kaupverð væri ágreiningslaust.

Hvað varðar málsástæðu gagnstefnanda um kostnaðarverð hins selda segir aðalstefnandi að það megi ljóst vera að vörulager sé keyptur inn á mismunandi tíma á mismunandi gengi. Þá fylgi fjármagnskostnaður kaupum á vörulager sem svari til fjárbindingar í formi innkaupsverðs lagersins, auk þess sem kostnaður falli til við vörslu hans svo að fáein dæmi séu nefnd. Bókfært verð vörulagers í árslok hvers rekstrarárs geti enn fremur verið fært á mismunandi vegu, s.s. vegna mismunandi aðferða við afskriftir. Þá sé í bókfærðu verði ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar né kostnaðar við vörslu hans. Tilvísun gagnstefnanda til ársreikninga og ályktanir hans dregnar af þeim séu því úr lausu lofti gripnar, vanreifaðar og haldlausar með öllu auk þess sem þær séu málinu óviðkomandi þar sem verð hins selda hafi verið umsamið. Hvað varðar samlagningarvillur í útreikningi á söluvirði vörulagersins þá tengist slíkt stefnu í aðalsök og muni aðalstefnandi gera viðeigandi breytingar á dómkröfu sinni ef ástæða þykir til.

Um málsástæðu gagnstefnanda um að aðalstefnandi hafi ekki að fullu lokið afhendingu á hinu selda, meðal annars heimasíðu, verðlistagerð og tölvubúnaði til tilboðsgerðar, segir aðalstefnandi að líkt og ráðið verði af tómlæti og fyrirvaralausum greiðslum gagnstefnanda þá sé staðreyndin sú að hann hafi afþakkað framangreint og talið sig ekki hafa þörf fyrir það. Inntak samnings aðila hafi því tekið breytingu hvað þetta varði þar sem gagnstefnandi hafi í verki fallið frá því að framangreint yrði afhent. Aðalstefnandi hafi ekki orðið uppvís að afhendingardrætti heldur þvert á móti hafi gagnstefnandi ekki viljað taka við framangreindu. Telji gagnstefnandi sig fyrst í gagnstefnu eiga kröfu um að fá þetta afhent sé ljóst að um viðtökudrátt af hans hálfu sé að ræða og meintri vanefnd aðalstefnanda því mótmælt sem haldlausri.

Aðalstefndi telur að riftunarkrafa gagnstefnanda fái ekki stoð í lögum jafnvel þó að dómurinn fallist að einhverju leyti á málalíbúnað hans. Þannig geti meintar vanefndir

ekki undir neinum kringumstæðum talist verulegar enda umfang þeirra óverulegt með hliðsjón af kaupverðinu. Þá víki gangstefnandi í engu að því hvaða hlutir hafi verið gallaðir, hvert meint umfang gallans hafi verið, t.d. fjöldi eintaka, né því lýst yfir að einhverju verði skilað nái riftun fram að ganga. Í raun byggist kröfugerð og málaltilbúnaður gagnstefnanda á því að honum sé óskyldt að skila óseldum hluta lagarsins. Þá liggi ekki fyrir hverju gagnstefnandi geti skilað. Kröfugerð gagnstefnanda sé því verulega vanreifuð og þegar af þeirri ástæðu beri að hafna henni og sýkna aðalstefnanda í gagnsök, að því gefnu að þeim verði ekki vísað frá án kröfu.

Aðalstefnandi vísar jafnframt til framlagðs vörulista með árituðum athugasemdum gagnstefnanda sem hafi verið afhentur 30. janúar 2018 eða í byrjun febrúar sama ár. Aðalstefnandi mótmælir athugasemdum í skjalinu sem röngum og ósönnuðum en bendir þó á að þær tengist nær eingöngu kaupverði vörulagersins og erfiðleikum gagnstefnanda við sölu. Með samanburði á þessum athugasemdum og málaltilbúnaði gagnstefnanda í gagnstefnu megi ljóst vera að atvik hafi breyst eftir að umræddar athugasemdir hafi verið ritaðar á vörulistann snemma árs 2018. Þannig virðist af einhverjum óútskýrðum ástæðum hafa verið fært í stílinn í gagnstefnu og lýsingar á ástandi hins selda magnast upp. Telur aðalstefnandi þetta benda til þess að atvikalýsing í gagnstefnu hafi verið aðlöguð að lagalegum úrræðum sem gætu réttlætt riftun og lýsingin því í mótsögn við það sem gagnstefnandi hafi áður ritað.

Aðalstefnandi áréttar að gagnstefnandi hafi glatað öllum rétti sínum til beitingar vanefndaúrræða vegna athafna og athafnaleysis. Gagnstefnandi sé sérfræðingur í verslunarviðskiptum og gera verði strangar kröfur til hans hvað þetta varði. Aðalstefnandi áréttar einnig í þessu sambandi að gagnstefnandi haldi því sjálfur fram að hann hafi fljótlega í kjölfar afhendingar hins selda vitað um meinta galla/vanheimild. Þrátt fyrir orð hans um þetta hafi hann látið hjá líða að gera athugasemdir í meira en tvö ár.

Aðalstefnandi mótmælir því harðlega að hið selda hafi verið haldið göllum, hvað þá verulegum, og gildi það einnig um fullyrðingar aðalstefnda um afhendingardrátt og vanheimild. Einnig er mótmælt harðlega fullyrðingum um að háttsemi hans hafi verið svíksamleg, eða hann hafi orðið uppvís að vítaverðu gáleysi. Þá sé því mótmælt sem röngu að hið selda hafi verið afhent í febrúar 2016 enda hafi það verið gert samhliða kaupsamningsgerð.

Aðalstefnandi hafnar því einnig að skýra beri óljós ákvæði kaupsamnings aðila honum í óhag. Gagnstefnandi hafi verið í yfirburðastöðu sem margfalt stærri aðili en aðalstefnandi og vegi reynsla hans þungt við mat á stöðu aðila við samningsgerðina. Það halli allavega örugglega ekki á gagnstefnanda í þeim efnum. Þá hafi málsaðilar komið sér saman um efni samningsins án aðkomu lögmanns. Engin rök standi því til þess að túlka beri ákvæði samningsins aðalstefnanda í óhag.

Fallist dómurinn á riftunarkröfu gagnstefnanda er gerð sú krafa að fjárkröfur hans verði felldar niður eða lækkaðar verulega. Gagnstefnandi hafi rýrt virði hins selda með þeim drætti sem hann hafi orðið uppvís að. Áhættan og ábyrgð á hinu selda hafi færst til gagnstefnanda við afhendingu og virðisrýrnun þess sé á hans ábyrgð. Þá hafi honum borið að takmarka tjón sitt en ósannað sé að hann hafi gert slíkt. Ekkert hafi verið upplýst um markaðsstarf gagnstefnanda né hve mikla áherslu hann hafi lagt á að selja vörulagerinn. Dráttarvaxtakröfu gagnstefnanda er mótmælt þar sem hið meinta tjón hafi hvorki verið staðreynt né sannað.

Um lagarök í aðalsök og gagnsök byggir aðalstefnandi meðal annars á meginreglum samningaréttar um að gerða samninga skuli halda og meginreglum kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga. Þá er byggt á meginreglum kauparéttar sem meðal annars komi fram í lögum um lausfjárkaup nr. 50/2000, þ. á m. 12., 13., 20., 31., 32., 48., 51. og 52. gr., og þá sérstaklega hvernig reglum kauparéttar sé beitt í verslunarviðskiptum.

Krafa um dráttarvexti byggist á III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málskostnaðarkrafa aðalstefnanda er reist á 129. og 130. gr. sömu laga.

III.

Gagnstefnandi og stefndi Sigurður Hinrik byggja á því að aðalstefnandi hafi vanefnt samningsdrög þau er undirrituð voru 22. janúar 2016. Nánar tiltekið hafi vörubirgðir og viðskiptasambönd (einkaumboð) verið haldin verulegum göllum í skilningi kauparéttar. Þá byggir stefndi sérstaklega á því að hann hafi ekki gengist undir sjálfskuldarábyrgð sem geti verið grundvöllur dómkrafna á hendur honum. Verði ekki fallist á kröfur gagnstefnanda í gagnsök um staðfestingu á riftun á samningi aðila, sem og endurgreiðslukröfur, beri eftir sem áður að sýkna stefnda og gagnstefnanda af öllum kröfum aðalstefnanda, enda hafi gagnstefnandi þegar greitt umfram skyldu þar sem raunverulegt verðmæti hins afhenta hafi verið mun verðminna en þegar hafi verið greitt.

Fyrir liggi að vörusala á því tímabili sem hér um ræðir úr vörulagernum nemi alls 10.732.882 krónum, en gagnstefnandi hafi þegar greitt aðalstefnanda 27.099.077 krónur. Þá er á því byggt að gagnstefnandi eigi rétt á skaðabótum eða eftir atvikum afslætti. Er í því sambandi ex tuto vísað til þess að sýkna beri í málinu á grundvelli skuldajafnaðar, sbr. meðal annars 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í ljósi þess að deilt sé um túlkun samningsdraganna frá 22. janúar 2016 byggja stefndi og gagnstefnandi sérstaklega á þeirri meginreglu að umdeild og óljós samningsákvæði beri að skýra aðalstefnanda í óhag þar sem hann hafi samið þau einhliða (andskýringarreglan). Þá hafi aðalstefnandi haft yfirburði við samningsgerðina í skjóli sérkunnáttu sinnar á sölu á stóreldhústækjum og búnaði til mötuneyta, en stefndi og gagnstefnandi hafi verið að taka fyrsta skrefið í þeim geira og lagt traust sitt á

aðalstefnanda í þessum efnum, meðal annars í tengslum við verðlagningu á vörulagernum. Öll verð hafi verið ákvörðuð einhliða af hálfu aðalstefnanda en samist hafi svo um með aðilum að þau verð væru raunveruleg kostnaðarverð, en í ljós hafi komið að það hafi verið fjarri lagi. Þá hafi ekki verið samið um tiltekið kaupverð á vörulagernum, enda sé það ekki tilgreint í samningi aðila, heldur hafi átt að koma til endanlegs uppgjörs milli aðila á síðari stigum, líkt og samningurinn beri í raun með sér.

Gagnstefnandi og stefndi byggja á því að hið selda hafi verið haldið ýmsum göllum og byggja í því sambandi á 1. mgr. 17. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, en samkvæmt ákvæðinu skuli söluhlutur, hvað varðar tegund, magn, gæði og aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiða af samningi. Ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur, samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis, henta til og hafa ákveðna eiginleika sem kaupandi mátti ganga út frá, meðal annars henta í þeim tilgangi sem seljandi vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð og hafa þá eiginleika sem seljandi vísaði til, en skv. 3. mgr. 17. gr. laganna teljist söluhlutur gallaður ef hann uppfyllir ekki framangreindar kröfur.

Þá er byggt á því að ágallar þessir hafi verið til staðar við afhendingu hins selda. Er jafnframt vísað til þess að dómkvaddur hafi verið sérfróður matsmaður til að meta virði vörulagersins og hin ætluðu viðskiptasambönd aðalstefnanda.

Einnig er byggt á því að forsendur þess að gagnstefnandi gekk til samninga við aðalstefnanda hafi fyrst og fremst verið að öðlast meint viðskiptasambönd aðalstefnanda og hafi með hagnýtingu þeirra ætlað að hasla sér völl í hótél- og veitingahúsageiranum. Hafi aðalstefnandi verið meðvitaður um þetta og verið ljós þessi grundvallarforsenda gagnstefnanda fyrir samningsgerðinni. Aðalstefnandi hafi fullyrt að hann hefði einkaumboð á umræddum vörumerkjum, að Bravilor undanskildu. Aðalstefnandi hafi í raun ekki haft þau viðskiptasambönd sem hafi átt að vera andlag samningsins og þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um úrbætur hafi aðalstefnandi ekki afhent umrædd viðskiptasambönd. Því sé um verulega vanefnd að ræða af hálfu aðalstefnanda auk þess sem háttsemi hans teljist vera sviksamleg, enda hafi aðalstefnanda mátt vera það ljóst að framangreindir gallar myndu hafa veruleg áhrif á afstöðu til viðskiptanna og aðalstefnanda hafi því borið sérstök skylda að skýra frá þeim, líkt og er varðar raunverulegan aldur vörulagersins, sbr. meðal annars einnig 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá er enn fremur byggt á 1. mgr. 18. gr. laga um lausafjárkaup að því er varðar upplýsingagjöf aðalstefnanda, sem gagstefnandi og stefndi telja vera ranga.

Þá er jafnframt byggt á því að vörubirgðir þær sem hafi verið framseldar til gagnstefnanda hafi verið haldnar verulegum göllum. Afhentar vörur hafi ekki verið „kúrent“, þ.e. þær hafi verið framleiddar á árunum 2012, 2011 eða fyrr og hafi því verið orðnar gamlar og mun verðminni en hin einhliða verðlagning aðalstefnanda á

vörulagernum hafi borið með sér, en aðilar hafi samið svo um að vörurnar ætti að verðleggja á raunverulegu kostnaðarverði. Þá hafi stór hluti varanna verið beinlínis ónýtur eða gallaður auk þess sem um sýningareintök hafi verið að ræða. Þess fyrir utan hafi ýmsar vörur vantað sem þó hafi verið tilgreindar á birgðalistanum. Aðalstefnandi hafi ekki upplýst að í raun væri um uppsafnaðan birgðalager að ræða, þar sem rekstur aðalstefnanda hafi verið í skötulíki árin á undan.

Ítrekað hafi verið komið á framfæri athugasemdum við aðalstefnanda að þessu leyti. Aðalstefnandi hafi verið krafinn um úrbætur og að samið yrði um verð sem miðaðist við raunverulegt verðmæti lagersins. Gagnstefnandi hafi því í öllu uppfyllt skilyrði 31. og 32. gr. laga um lausafjárkaup. Fráleitt sé að kvartanir gagnstefnanda hafi fyrst komið fram á fundi í ársbyrjun 2018. Gagnstefnandi hafi enn fremur gert allt sem í hans valdi stóð til að firra aðila tjóni með sölu varanna. Til að auka líkur á árangri hafi gagnstefnandi meðal annars fjárfest í kostnaðarsamri markaðssetningu og ráðningu sölumanns með sérþekkingu á þessum varningi. Lélegt ástand og hár aldur vörubirgðanna hafi aukið á þörf fyrir viðgerðarþjónustu og varahluti. Hins vegar hafi reynst erfitt að nálgast varahluti og þar með að bjóða viðskiptavinum þá þjónustu. Staðreyndin sé sú að vörurnar hafi aðeins að litlum hluta reynst vera seljanlegar og þá einungis á verulega niðursettu verði. Á gagnstefnanda hafi einnig fallið áður ófyrirséður kostnaður, s.s. vegna lagerhalds, ferðakostnaðar o.fl. Gagnstefnandi hafi því orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna stórfelldra vanefnda aðalstefnanda.

Einnig er í þessu sambandi byggt á því að greiðslur þær sem gagnstefnandi innti af hendi til aðalstefnanda hafi verið reiddar fram í trausti þess að aðalstefnandi myndi standa við fyrri loforð sín um úrbætur og að fundið yrði sanngjarnt verð fyrir vörulagerinn. Ekki sé unnt að líta svo á að með greiðslum þessum hafi gagnstefnandi sætt sig við og samþykkt ástand hins selda, enda hafi aðalstefnandi ítrekað lofað úrbótum. Gagnstefnandi hafi þegar greitt aðalstefnanda mun hærrí fjárhæð en nemi raunverulegu virði vörulagersins sem og viðskiptasambandanna.

Með hliðsjón af framangreindu er byggt á því að kaup á vörulagernum, sem og sá þáttur er snýr að viðskiptasamböndunum, hafi verið verulega gallaður í skilningi 17. gr. laga um lausafjárkaup og því hafi gagnstefnanda verið heimilt að rifta kaupunum, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna. Þá er sérstaklega byggt á því að aðalstefnandi hafi við gerð kaupsamningsdraganna a.m.k. sýnt af sér vítavert gáleysi og að framferði hans stríði að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú, sbr. 3. mgr. 39. gr. laganna. Er vísað í þessu sambandi til þess að fyrirsvarsmaður aðalstefnanda verði að teljast til sérfræðings á þessu sviði, enda óumdeilt að hann sé með áratugareynslu í viðskiptum af þessu tagi. Er jafnframt í þessu sambandi sérstaklega vísað til kröfu í gagnsök í málinu.

Þá er einnig, að því er varðar viðskiptasambönd þau sem kveðið er á um í samningsdrögum sérstaklega (einkaumboðin), byggt á reglum 41. gr. laga um

lausafjárkaup, varðandi vanheimild, og 22. gr. laganna um greiðsludrátt. Að því er síðargreinda atriðið varðar er byggt á því að einkaumboðin hafi ekki verið afhent og að ekki sé unnt að sakast við gagnstefnanda í þeim efnunum eða atvikum sem hann varðar. Samkvæmt 25. gr. laganna geti kaupandi rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir. Þá er sem fyrr byggt á því að aðalstefnandi hafi ekki afhent heimasíðugögn, verðlistagerð, vörukynningar og tölvuhugbúnað til tilboðsgerðar, sbr. 6. gr. samningsdraganna. Þá er einnig byggt til fyllingar á 43. gr. laganna.

Jafnframt er byggt á því að almennar meginreglur kröfu- og samningaréttar veiti gagnstefnanda sjálfstæðan rétt til riftunar vegna hinna stórfelldu vanefnda aðalstefnanda. Ósamngjarnt sé að umræddum kaupum sé haldið upp á gagnstefnanda eins og atvik og gögn málsins beri með sér, en fyrir liggi að aðalstefnandi hafi haldið fjárkröfu sinni til haga að fullu, þrátt fyrir að mega vera það ljóst að dómkrafa í aðalsök sé meðal annars að hluta byggð á rangri samlagningu í vörulista.

Enn fremur er byggt á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, en ljóst sé að aðalstefnandi hafi með stórfelldum hætti vanefnt hin svonefndu samningsdrög/viljayfirlýsingu. Því beri að fallast á að öll skilyrði riftunar séu uppfyllt og sýkna gagnstefnanda og stefnda af öllum kröfum aðalstefnanda. Það leiði af riftun samnings aðila að skila beri þeim verðmætum sem farið hafa á milli aðalstefnanda og gagnstefnanda á grundvelli samnings, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga um lausafjárkaup.

Verði ekki fallist á sýknukröfu um riftun beri að sýkna á grundvelli vanefndaúrræða um afslátt og skaðabætur. Í rétti til afsláttar felist heimild til handa samningsaðila til þess að lækka eða draga úr eigin greiðslu í réttu hlutfalli við þá verðryrnun gagngreiðslunnar, sem vanefnd viðsemjanda hafi í för með sér og sé þannig í raun verið að leiðrétta samning, enda liggi það meginsjónarmið til grundvallar afsláttarkröfu að kaupandi eigi ekki að greiða fyrir meira en hann hefur fengið. Virði hins afhenta vörulagers og viðskiptatengsla (einkaumboða) hafi verið stórlega ofmetið og ekki fullnægt þeim eiginleikum sem kaupverð þeirra hafi gefið til kynna, sbr. 17. gr. laga um lausafjárkaup. Gagnstefnandi hafi þegar greitt umfram raunvirði hins selda og því sé ekki unnt að krefja hann um frekari greiðslur. Í 38. gr. sömu laga sé kveðið á um rétt kaupanda til afsláttar af kaupverði vegna galla á söluhlut. Þá er enn fremur byggt á 41. laganna að því er varðar áðurgreinda vanheimild aðalstefnanda.

Í þessu sambandi verði enn fremur að hafa í huga að aðalstefnandi hafi ekki getað afhent áðurgreind viðskiptasambönd (einkaumboð) auk þess sem vörurnar hafi verið „ókúrant“, þ.e. framleiddar á árunum 2012 og 2011. Hin einhliða verðlagning aðalstefnanda í birgðalista sé fjarri sanni heldur hafi raunvirði lagersins verið mun minna, en aðilar hafi samið svo um að um raunverulegt kostnaðarverð hafi verið að ræða. Þá hafi stór hluti varanna verið beinlínis ónýtur eða gallaður auk þess sem um sýningareintök hafi verið að ræða sem eðli málsins samkvæmt séu mun verðminni. Þá

hafi hluti varanna ekki skilað sér auk þess sem aðalstefnandi hafi gert samlagningarmistök við gerð birgðalistans. Hér megi til viðbótar nefna að Inoxtrendstandur (SG-210X) hafi af hálfu aðalstefnanda verið uppreiknaður á 791.291 krónu en átt að vera 79.129 krónur, en mismunurinn hér nemi 712.162 krónum. Sumar vörur sem ekki hafi verið afhentar hafi verið verðlagðar á hundruð þúsunda, t.a.m. Bravilor Expressóvél sem hafi verið verðlögð á 501.936 krónur af aðalstefnanda. Gagnstefnandi sé því, hvað sem öðru líður, í fullum lagalegum rétti til að krefjast afsláttar. Önnur niðurstaða væri bersýnilega ósanngjörn. Þá hafi aðalstefnandi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti og beinlínis blekkt gagnstefnanda og stefnda hvað varðar ætluð viðskiptasambönd sín sem og gæði og verðmæti lagersins.

Einnig er byggt á því að gagnstefnandi hafi orðið fyrir tjóni sökum vanefndar aðalstefnanda. Þannig hafi fallið á gagnstefnanda áður ófyrirséður kostnaður, s.s. vegna lagerhalds, ferðakostnaðar o.fl. Gagnstefnandi hafi því orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna stórfelldra vanefnda aðalstefnanda. Slíkt tjón beri því eðli málsins samkvæmt að ganga til skuldajöfnuðar við kröfur aðalstefnanda. Er í þessu sambandi vísað til meginreglunnar um stjórnunarábyrgð sem ábyrgð vegna sakar.

Þá er byggt á því að 36. gr. laga nr. 7/1936 eigi við um viðskipti gagnstefnanda við aðalstefnanda. Eins og atvikum sé háttað sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu aðalstefnanda að bera hin umdeildu sammingsdrög fyrir sig sem og birgðalista þann er fylgdi drögunum. Í því sambandi er vísað til sjónarmiða um galla og þær afleiðingar sem þeir hafi haft fyrir gagnstefnanda. Þá er jafnframt byggt á meginreglum um forsendubrest, bæði hvað varðar kaupin sjálf sem og að því er varðar þær fjárhæðir er aðalstefnandi krefur um í máli þessu. Jafnframt er vísað til 30. gr. sömu laga enda hafi stefnandi með ólögumætum hætti og gegn betri vitund bæði gefið upp rangar upplýsingar sem og leynt atriðum, er máli skiptu, með þeim ásetningi að fá gagnstefnanda til að stofna til löggernings. Aðalstefnandi hafi vitað eða mátt vita af verulegum annmörkum á gæðum vörubirgða félagsins auk þess sem augljóst sé að aðalstefnandi hafi ekki haft þau viðskiptasambönd sem aðalstefnandi seldi gagnstefnanda.

Auk þess hafi aðalstefnanda mátt vera ljóst að framangreindir gallar myndu hafa veruleg áhrif á afstöðu gagnstefnanda til viðskiptanna og því hafi honum borið að skýra frá þeim. Þar sem það hafi verið látið hjá líða verði að meta framferði aðalstefnanda svo að hann hafi haft svik í frammi, í það minnsta sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði aðalstefnanda strítt að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.

Stefndi Sigurður Hinrik mótmælir því að hann hafi tekið á sig persónulega sjálfskuldarábyrgð á skaðlausum greiðslum úr hendi gagnstefnanda. Þá liggi í raun ekki fyrir lögvarin fjárfkrafa og efndatími. Af þeirri ástæðu einni geti hin ætlaða persónulega sjálfskuldarábyrgð ekki verið talin virk. Einnig vísar stefndi til hins íþyngjandi eðlis

sjálfskuldarábyrgðar og þess að almennt sé talið að ábyrgðarmaður geti ekki talist hafa undirgengist sjálfskuldarábyrgð nema það verði með skýrum hætti leitt af ábyrgðaryfirlýsingunni. Aðalstefnandi hafi í þessu sambandi vísað til ákvæðis í skjalinu frá 22. janúar 2016 þar sem fram komi að „til tryggingar skaðlausri greiðslu skuldbind[i] kaupandi sig með undirskrift sinni, persónulegri sjálfskuldarábyrgð.“

Af skoðun umrædds skjals megi leiða að stefndi sé ekki tilgreindur sem kaupandi heldur gagnstefnandi. Í undirskrift draganna séu orðin „kaupandi“ og „Verslunartækni ehf.“ höfð fyrir ofan undirskriftarlínu og stimpill félagsins stimplaður ofan á undirritun stefnda. Af framansögðu og framangreindu orðalagi megi því vera ljóst að með undirritun sinni á samningsdrögin hafi stefndi komið fram sem firmaritunarhafi fyrir hönd kaupandans, gagnstefnanda, og því ekki gengist undir persónulega sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum gagnstefnanda í eigin nafni. Í þessu sambandi bendir stefndi sérstaklega á að óumdeilt sé að fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi samið umrætt skjal einhliða og því staðið honum nær að tryggja að enginn vafi væri til staðar í þessum efnunum og undirbúa sérstakt skjal þess efnis, eða gera skjalið þannig úr garði að stefndi undirritaði sérstaklega slíka yfirlýsingu. Mótmælir stefndi því að nokkru sinni hafi staðið til að hann gengist undir slíka ábyrgðaryfirlýsingu, enda hafi í engu verið gengið eftir henni af hálfu aðalstefnanda. Því beri af þessari ástæðu einni að sýkna hann af öllum kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Verði talið af einhverjum ástæðum að gagnstefnandi og stefndi beri greiðsluskyldu gagnvart aðalstefnanda er þess krafist að kröfur aðalstefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Er í því sambandi meðal annars byggt á því að gagnstefnandi hafi þegar greitt meira en sanngjarnt sé vegna kaupa félagsins á vörulager og ætluðum viðskiptasamböndum aðalstefnanda. Er jafnframt vísað til fyrri umfjöllunar um samlagningarvillur aðalstefnanda í tengslum við útreikning aðalstefnanda á virði vörulagers og að tiltekna vörur hafi aldrei verið afhentar gagnstefnanda.

Til stuðnings varakröfu er að öðru leyti vísað til og byggt á málsástæðum við aðalkröfu.

Loks er byggt á því að skylda til greiðslu dráttarvaxta falli niður þegar greiðsla skuldar verði ekki innt af hendi af ástæðum sem varða kröfuhafann, í þessu tilviki aðalstefnanda, sbr. 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Í því tilviki sé ekki eingöngu átt við viðtökudrátt í hefðbundnum skilningi heldur einnig önnur atvik sem kröfuhafinn beri ábyrgð á, t.d. þegar kaupandi beiti stöðvunarrétti með lögmaetum hætti. Aðalstefnanda sé því ekki heimilt að krefjast greiðslu dráttarvaxta með þeim hætti sem greinir í stefnu. Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein teljist það því ekki vanefnd af hálfu kaupanda ef hann heldur með réttu eftir af kaupverðinu og innan þeirra marka sem vanefnd (galli o.fl.) seljanda gefi honum tilefni til. Af því leiði að hann þurfi ekki að sæta

vanefndaúrræðum af hálfu seljanda, hvorki greiðslu dráttarvaxta né annarra vanefndaúrræða. Í 42. gr. laga um lausafjárkaup sé fjallað um rétt kaupanda til að halda eftir kaupverði sökum vanefnda seljanda. Ákvæðið sé almennt orðað og eigi við um allar þær kröfur sem kaupandi öðlist í tilefni vanefnda seljanda, þ.e. kröfur vegna greiðsludráttar, galla og vanheimildar. Með hliðsjón af málavöxtum og því sem rakið hefur verið eigi aðalstefnandi ekki rétt á dráttarvöxtum frá fyrri tíma en dómsuppsögu.

Í gagnsök byggir gagnstefnandi kröfur sínar, um staðfestingu á riftun og endurgreiðslu á greiddum fjárhæðum, á því að aðalstefnandi hafi með stórfelldum hætti vanefnt sammingsdrög/viljayfirlýsingu aðila frá 22. janúar 2016. Er í því sambandi byggt á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Endurgreiðslukrafa gagnstefnanda sé við það miðuð að aðalstefnandi greiði honum mismun á því sem þegar hafi verið greitt af hálfu gagnstefnanda og andvirði þess sem tekist hafi að selja úr vörulagernum. Vísar gagnstefnandi í þessu sambandi til framlagðs skjals, sem hafi að geyma yfirlit yfir sölu á vörum úr lagernum á árunum 2016 til 2019, og yfirlits yfir þær greiðslur sem gagnstefnandi hafi innt af hendi til aðalstefnanda vegna kaupanna.

Samkvæmt framlögðu skjali um sölu á vörum, sem hafi verið unnið úr bókhaldi gagnstefnanda, hafi sala á vörum frá Bravilor á framangreindu tímabili numið alls 4.856.650 krónum, vörur frá Orved 500 krónum, vörur frá Firex 600 krónum, vörur frá Inoxtrend 1.900.000 krónum, vörur frá Fries 0 krónum, vörur frá Zanolli 0 krónum, vörur frá Movilfrit 230.000 krónum, vörur frá Sirman 1.268.132 krónum, vörur frá Friulinox 1.491.000 krónum og loks vörur frá Rieber 986.000 krónum. Alls nemi vörusalan á tímabilinu því 10.732.882 krónum sem dragist frá þeirri fjárhæð sem gagnstefnandi hafi innt af hendi vegna kaupanna, 27.099.077 krónum, sem geri 16.366.195 krónur, sem sé stefnufjárhæð í gagnsök.

Gagstefnandi vísar til þess sem áður segir um þá meginreglu að umdeild og óljós sammingsákvæði beri að skýra aðalsefnanda í óhag þar sem hann hafi samið þau einhliða (andskýringarreglan). Þá hafi aðalstefnandi haft yfirburði við sammingsgerðina í skjóli sérkunnáttu sinnar á sölu á stóreldhústækjum og búnaði til mötuneyta, en gagnstefnandi hafi verið að taka fyrsta skrefið í þeim geira og lagt traust sitt á aðalstefnanda. Öll verð hafi verið ákvörðuð einhliða af aðalstefnanda og átt að vera raunveruleg kostnaðarverð. Forsendur kaupanna hafi fyrst og fremst verið að öðlast meint viðskiptasambönd aðalstefnanda og hasla sér völl í hótél- og veitingahúsageiranum. Hafi aðalstefnandi verið meðvitaður um og ljós þessi grundvallarforsenda gagnstefnanda fyrir sammingsgerðinni. Aðalstefnandi hafi fullyrt að hann hefði einkaumboð á umræddum vörumerkjum, fyrir utan Bravilor, til sölu. Aðalstefnandi hafi í raun ekki haft þau viðskiptasambönd sem áttu að vera andlag sammingsins og þrátt fyrir ítrekaðar kröfur gagnstefnanda um úrbætur hafi aðalstefnandi ekki afhent umrædd viðskiptasambönd. Því sé um verulega vanefnd að ræða auk þess sem háttsemi aðalstefnanda teljist vera

svíksamleg, sbr. meðal annars einnig 33. og 36. gr. laga 7/1936. Þá byggir gagnstefnandi enn fremur á 1. mgr. 18. gr. laga um lausafjárkaup að því er varðar upplýsingagjöf aðalstefnanda til gagnstefnanda, sem gagnstefnandi telur vera ranga.

Þá byggir gagnstefnandi jafnframt á því í gagnsök að vörubirgðir þær sem framseldar voru til gagnstefnanda hafi verið haldnar verulegum göllum, sbr. umfjöllun um sýknukröfu í aðalsök. Gagnstefnandi hafi ítrekað komið athugasemdum við aðalstefnanda á framfæri og krafist hann um úrbætur og að samið yrði um verð sem miðaðist við raunverulegt verðmæti lagersins. Gagnstefnandi hafi því í öllu uppfyllt skilyrði þau er fram koma í 31. og 32. gr. laga um lausafjárkaup. Gagnstefnandi segir að fráleitt sé að kvartanir hans hafi fyrst komið fram á fundi í ársbyrjun 2018.

Gagnstefnandi áréttar að greiðslur þær sem hann innti af hendi til aðalstefnanda hafi verið reiddar fram í trausti þess að aðalstefnandi myndi standa við fyrri loforð sín um úrbætur og að fundið yrði sanngjarnt verð fyrir vörulagerinn. Ekki sé unnt að líta svo á að með greiðslum þessum hafi gagnstefnandi sætt sig við og samþykkt ástand hins selda, enda hafi aðalstefnandi ítrekað lofað úrbótum, líkt og greinir hér að framan. Gagnstefnandi hafi enn fremur gert allt sem í hans valdi stóð til að firra aðila tjóni með sölu varanna og á gagnstefnanda hafi einnig fallið áður ófyrirséður kostnaður, eins og byggt er á í aðalsök.

Gagnstefnandi byggir í þessu sambandi á 1. mgr. 17. gr. laga um lausafjárkaup. Þá er byggt á því að ágallar þessir hafi verið til staðar við afhendingu hins selda. Kaup á vörulagernum sem og sá þáttur er snýr að viðskiptasamböndunum hafi verið verulega gallaður í skilningi 17. gr. laganna. Því hafi gagnstefnanda verið heimilt að rifta kaupunum, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna. Þá er sérstaklega byggt á því að aðalstefnandi hafi við gerð kaupsamningsdraganna a.m.k. sýnt af sér vítavert gáleysi og að framferði hans stríði að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú, sbr. 3. mgr. 39. gr. laganna. Áréttar gagnstefnandi í þessu sambandi að fyrirsvarsmáður aðalstefnanda verði að teljast til sérfræðings á þessu sviði, en hann sé með áratugareynslu í viðskiptum af þessu tagi.

Þá er einnig, að því er varðar viðskiptasambönd þau sem kveðið er á um í samningsdrögum sérstaklega (einkaumboðin), byggt á reglum 41. gr. laga um lausafjárkaup varðandi vanheimild og 22. gr. um greiðsludrátt en einkaumboðin hafi ekki verið afhent. Samkvæmt 25. gr. geti kaupandi rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir. Þá er áréttað að aðalstefnandi hafi ekki afhent heimasíðugögn, verðlistagerð, vörukynningar og tölvuhugbúnað til tilboðsgerðar, sbr. 6. gr. samningsdraganna. Þá er einnig byggt til fyllingar á 43. gr. laganna.

Gagnstefnandi byggir sem fyrr á því að almennar meginreglur kröfu- og samningaréttar veiti honum sjálfstæðan rétt til riftunar vegna vanefnda aðalstefnanda. Ósanngjarnt sé að umræddum kaupum sé haldið upp á gagnstefnanda en aðalstefnandi

hafi haldið fjárkröfu sinni til haga að fullu þrátt fyrir að mega vera það ljóst að krafa hans í aðalsök sé meðal annars byggð á rangri samlagningu í vörulista.

Kröfu um dráttarvexti styður gagnstefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Er upphafstími dráttarvaxta í gagnsök miðaður við dagsetningu riftunaryfirlýsingar gagnstefnanda frá 4. október 2018.

Um lagarök í aðalsök og gagnsök er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar, m.a. að því er varðar skilyrði riftunar, afsláttar og skaðabóta. Þá er sérstaklega byggt á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og 30., 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá er enn fremur byggt á skráðum og óskráðum meginreglum kauparéttar og meginreglum kröfuréttar um galla og afhendingardrátt og vanefndaúrræði vegna þeirra. Varðandi mat á göllum og hvað teljist gallar á vörum er vísað meðal annars til 17. og 18. gr. laga um lausafjárkaup. Þá er byggt á reglum sömu laga um greiðsludrátt, vanheimild og riftun. Þá er enn fremur vísað til 31., 32. gr. og 38. gr. laganna og undirstöðureglna þeirra laga. Um skaðabætur er vísað til almennra reglna kröfuréttarins um skaðabætur af völdum réttarbrotu innan samninga og lausafjárkaupalaga. Um heimild til skuldajafnaðar er vísað til 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Að því er varðar dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda er vísað til 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og 42. gr. laga um lausafjárkaup.

Krafan um málskostnað styðst við 129 gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá styðst krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988.

III.

Eins og rakið hefur verið hófu aðilar á árinu 2015 samningsviðræður um kaup gagnstefnanda á vörulager aðalstefnanda ásamt söluumboðum. Aðilar undirrituðu hinn 22. janúar 2016 skjal með yfirskriftinni: „Samningsdrög. Viljayfirlýsing.“ Ágreiningur er um það hvort um bindandi samning hafi verið að ræða eða ekki og hvert var efni hans. Einnig er deilt um það hvort um galla hafi verið að ræða á hinu selda og hvort gagnstefnandi eigi rétt til afsláttar, skaðabóta eða að rifta kaupunum.

Í framangreindu skjali segir að aðalstefnandi selji gagnstefnanda allan vörulager sinn sem snúi að stóreldhústækjum og búnaði til mötuneyta. Þá hefði vörulisti verið lagður fram „með verðum sem báðir aðilar hafa sætt sig við.“ Í vörulistanum sem fylgdi skjalinu kemur verðið fram, samtals 40.207.930 krónur. Þá segir í skjalinu að gagnstefnandi eigi að greiða 1.000.000 króna mánaðarlega til aðalstefnanda, fyrir 10. dag hvers mánaðar, í fyrsta skipti 10. febrúar 2016, þar til greiðslufullnustu væri náð. Jafnframt skuli gagnstefnandi greiða að auki 10.000.000 króna fyrir viðskiptavild, erlend viðskiptasambönd, heimasíðugögn, verðlistagerð, tölvuhugbúnað til tilboðsgerðar og vörukynningar, verslunarinnréttingar og ljós skrifborð sem gagnstefnandi hefði séð og

hefði áhuga á. Einnig kom fram í skjalinu að aðalstefnandi skyldi afla og afhenda gagnstefnanda sömu viðskiptasambönd við erlenda birgja og hann hafi, með skriflegu samþykki birgja ef óskað væri, og aðstoða við ný ef mögulegt væri og þess óskað. Einnig var kveðið á um að aðalstefnandi legði fram vinnu við kynningu vörunnar við starfsfólk gagnstefnanda og afla eins og mögulegt væri viðskiptasambanda, en þó ekki lengur en árið 2016.

Gagnstefnandi er innflutningsaðili og rekur heildverslun og er velta gagnstefnanda margfalt meiri en aðalstefnanda. Er ekki fallist á að gagnstefnandi hafi haft yfirburðastöðu við samningsgerðina og að það eigi því að skýra ákvæði samningsins aðalstefnanda í óhag.

Fyrir liggur að gagnstefnandi fékk vörulager aðalstefnanda afhentan í kjölfar þess að framangreint skjal var undirritað. Einnig liggur fyrir að gagnstefnandi greiddi 1.000.000 króna 10. febrúar 2016 og sömu fjárhæð mánaðarlega allt fram til júní 2018, með tveimur frávikum. Gagnstefnandi innti ekki af hendi greiðslu í október 2017 en þess í stað greiddi hann 2.000.000 króna næsta mánuð, nóvember, eftir að aðalstefnandi benti á að vanskil hefðu orðið. Þá greiddi gagnstefnandi aðeins 500.000 krónur í apríl 2018 en ekki liggur fyrir ástæða þess. Samkvæmt framansögðu er ljóst að bindandi samningur komst á með aðalstefnanda og gagnstefnanda um þau kaup sem þar greinir. Vörulistinn og verð sem þar greinir eru hluti samningsins. Ekki verður ráðið af samningnum eða öðru að það hafi átt að semja um eða ákveða síðar endanlegt kaupverð.

Aðalstefnandi heldur því fram að stefndi Sigurður Hinrik hafi gengist persónulega í sjálfskuldarábyrgð „til tryggingar skaðlausri greiðslu.“ Samningurinn er ekki skýr um ábyrgð stefnda en hann ritaði ekki undir samninginn persónulega heldur fyrir hönd kaupanda, gagnstefnanda Verslunartækni ehf. Verður stefndi því sýknaður af kröfum aðalstefnanda.

Hvað varðar meinta galla á hinu selda verður að horfa til þess að gagnstefnandi skoðaði vörulager aðalstefnanda fyrir kaupin og honum bar sérstaklega að rannsaka hið selda eftir afhendingu, sbr. 31. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þannig getur gagnstefnandi ekki borið fyrir sig að sumar vörur hafi verið gamlar eða sýningareintök og verið „ókúrant“ eða ekki seljanlegar. Fyrirliggjandi matsgerð hefur því ekki þýðingu í málinu. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á að vörur hafi verið bilaðar, ónýtar eða vantað. Enn fremur verður ekki ráðið af samningi aðila að „erlend viðskiptasambönd“ hafi verið einkaumboð og er ósannað að aðalstefnandi hafi lofað eða gefið í skyn að svo væri. Ekkert hefur verið sýnt fram á að gagnstefnandi hafi ekki getað pantað vörur hjá hlutaðeigandi aðilum. Jafnframt er ósannað að aðalstefnandi hafi ekki afhent heimasíðugögn, tölvuhugbúnað o.fl. Samkvæmt því sem kom fram við aðalmeðferð málsins virðist gagnstefnandi ýmist hafa fengið þetta afhent eða ekki haft áhuga á því. Hefur gagnstefnandi í máli þessu ekki sýnt fram á að aðalstefnandi hafi beitt svikum,

gefið rangar upplýsingar eða leynt atriðum. Ákvæði 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eiga hér ekki við.

Enn fremur ber að líta til þess að samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 glatar kaupandi rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda „án ástæðulauss dráttar“ frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig, sbr. 2. mgr. 32. gr. Fyrir dómi kvaðst stefndi hafa sagt fyrisvarsmanni aðalstefnanda að það hefði gengið mjög illa að selja vörur og sá síðarnefndi kvaðst kannast við „spjall“ um að það hefði ekki gengið vel hjá gagnstefnanda að „selja úr þessu.“ Er ekki unnt að líta svo á að hér hafi verið um að ræða tilkynningu um að gagnstefnandi bæri fyrir sig galla, sbr. 32. gr. laga nr. 50/2000. Þá er afar óljóst hvenær þetta spjall á að hafa átt sér stað en það virðist hafa verið fljótlega eftir kaupun. Í þessu sambandi verður einnig að horfa til þess að gagnstefnandi innti af hendi greiðslur til aðalstefnanda athugasemdalaust allt frá febrúar 2016 til júní 2018. Virðist gagnstefnandi fyrst hafa tilkynnt um meinta galla á fundi aðila í lok janúar eða byrjun febrúar 2018. Að öllu þessu virtu hefur gagnstefnandi glatað rétti til að bera fyrir sig ætlaða galla. Af þessari niðurstöðu leiðir að aðalstefnandi er sýknaður af kröfum í gagnsök.

Samkvæmt framansögðu verður gagnstefnandi dæmdur til að greiða kröfu aðalstefnanda, eins og hún var leiðrétt við upphaf aðalmeðferðar, 48.167.113 krónur, að frádregnum greiðslum gagnstefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði. Það virðist hafa viðgengist í samningssambandi aðila, án nokkurra athugasemda aðalstefnanda, að gagnstefnandi greiddi ekki á tilteknum gjalddaga og var allur gangur á því hvenær í mánuðinum það var. Að þessu virtu og eftir atvikum málsins er rétt að miða upphaf dráttarvaxta við þann dag sem mál þetta var höfðað, 27. febrúar 2019, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Eftir þessum úrslitum ber aðalstefnanda að greiða stefnda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Þá ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Hinrik Teitsson, er sýkn af kröfum aðalstefnanda, Vífilberg ehf.

Gagnstefnandi, Verslunartækni ehf., greiði aðalstefnanda 48.167.113 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 27. febrúar 2019, allt að frádregnum innborgunum gagnstefnanda, 1.000.000 króna þann 10. febrúar 2016, 1.000.000 króna þann 10. mars 2016, 1.000.000 króna þann 12. apríl 2016, 1.000.000 króna þann 18. maí 2016, 1.000.000 króna þann 13. júní 2016, 1.000.000

króna þann 15. júlí 2016, 1.000.000 króna þann 16. ágúst 2016, 1.000.000 króna þann 20. september 2016, 1.000.000 króna þann 20. október 2016, 1.000.000 króna þann 16. nóvember 2016, 1.000.000 króna þann 21. desember 2016, 1.000.000 króna þann 23. janúar 2017, 1.000.000 króna þann 17. febrúar 2017, 1.000.000 króna þann 27. mars 2017, 1.000.000 króna þann 12. apríl 2017, 1.000.000 króna þann 23. maí 2017, 1.000.000 króna þann 22. júní 2017, 1.000.000 króna þann 18. júlí 2017, 1.000.000 króna þann 23. ágúst 2017, 1.000.000 króna þann 27. september 2017, 2.000.000 króna þann 28. nóvember 2017, 1.000.000 króna þann 21. desember 2017, 1.000.000 króna þann 30. janúar 2018, 500.000 krónur þann 18. apríl 2018, 1.000.000 króna þann 28. maí 2018 og 1.000.000 króna þann 29. júní 2018, sem dragast frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardögum.

Aðalstefnandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir